

Stjórnarfundur 19. okt. 2016. Rauðakrosshúsið í Búðardal kl. 17.

Mætt voru: Heiðrún Sandra, Hanna Sigga, Herdís, Arnar Svansson, Anna Berglind, Pálmi og Svana. (Ingveldur kom seint).

1. 40. sambandsráðsfundur UMFÍ á Laugum

- a. Hanna Sigga varaformaður fór fyrir hönd UDN á fundinn. Fundurinn gekk vel og ýmis mál voru rædd, m.a. minnti UMFÍ á styrki og sjóði, sem hægt er að sækja um. Ársskýrsla UMFÍ er að skrifstofu framkvæmdastjóra.

2. Veturinn

- a. Knattspyrnuæfingar eru byrjaðar, sundnámskeið er að hefjast, glímuæfingar og íþróttanámskeið eru á áætlun á næstu vikum. Það vantar þjálfara til að geta haft fjölbreytni, spurning að stefna á einhver helgarnámskeið.

3. Dalabyggð – fjárhagsáætlun

- a. UDN þarf að senda á Dalabyggð ef það er eitthvað sem sambandið vill óska eftir í fjárhagsáætlun Dalabyggðar.
 - i. Hástökkdýnumál: Ungmennafélögin í Dalabyggð sóttu um styrk í íþróttastjóð, í umsókninni kom fram að sótt yrði um styrk til Dalabyggðar. Svana framkvæmdastjóri tekur að sér að sækja um hjá Dalabyggð.

4. Dalurinn

- a. Rætt var um stöðuna á Dalnum, það eru mikið sem þarf að gera til að gera svæðið hentugt. Næst á dagskrá er að gera verkefnalista fyrir næsta vor, safna saman timbri og dóti sem hægt er að nota til að bæta völlinn.

5. Foreldrafundur

- a. Hanna Sigga stakk upp á því að halda foreldrafund, fara yfir íþróttastarfið og óska eftir hugmyndum frá foreldrum.

6. Formannafundur

- a. Markmiðið er að halda formannafund 16. nóvember kl. 18. Svana sendir fundarboð á formenn aðildarfélaganna.

7. Önnur mál

- a. Knattspyrnumót: það væri gaman að komast á mót hefur verið haldið mót á Hólmavík, Svana ætlar að athuga hvort UDN megi taka þátt í mótinu.
- b. Frjálsíþróttamót: umræða var um frjálsíþróttamót, hvernig er hægt að auka áhugan og fá krakkana sem hafa áhuga til að koma og keppa á mótum á vegum FRÍ. Stefna er að hafa frjálsíþróttæfinga á Laugum eftir áramót og enda námskeiðið með móti, jafnvel að bjóða nágrannafélögum að taka þátt.
- c. Upplýsingaflæði: Anna nefndi hvernig væri hægt að bæta upplýsingaflæðið, myndi henta að óska eftir netföngum foreldra þar sem hægt væri að senda upplýsingar um það sem er í gangi hverju sinni.

Fundi slitið kl. 18:50

Svana Hrönn Jóhannsdóttir